

ÞRIF OG SÓTTHREINSUN FARARTÆKJA SEM NOTUÐ ERU TIL FLUTNINGS Á ELDISLAXI

1. Almennt um þrif og sótthreinsun flutningstækja á lifandi fiski

- Flutningsbúnaður skal vera úr vatnsheldu efni og skulu allir fletir vera sléttir, bæði að innan og utan.
- Flutningskassar verða að vera heilir, jafnt utan sem innan, ógerlegt er að dauðhreinsa flutningskassa og fiskikör ef vatn kemst inn í einangrunina.
- Búnaður skal þannig uppsettur að auðvelt sé að komast að til þrifa, sótthreinsunar og eftirlits.
- Á milli hvers flutnings skal allur flutningsbúnaður þrifinn og sótthreinsaður. Standi flutningsbúnaður óhreyfður í tvær vikur eða meira skal jafnframt sótthreinsa hann fyrir næstu notkun.
- Áður en sótthreinsun fer fram er nauðsynlegt að þvo og skola alla fleti, allar lífrænar leifar verður að fjarlægja áður en sótthreinsun hefst svo viðunandi árangur náist.
- Líða skal lágmark 12 klst. frá því sótthreinsun líkur og þar til næsti flutningur getur átt sér stað frá mismunandi aðilum.
- Upplýsingar um heilbrigðisástand fisks sem fyrirhugað er að flytja á milli svæða er hægt að nálgast hjá dýralækni fisksjúkdóma og um leið er hægt að skipuleggja sérstakar aðgerðir ef þurfa þykir.

2. Þrif á bíl og útbúnaði

- Flutningsspallur skal fyrst þrifinn kerfisbundið frá ofanverðum framgafli og aftur úr, að meðtöldum öllum búnaði.
- Flutningskör skulu fyrst þrifin að utan og síðan að innan, öll frárennslisrör o.þ.h. verður að sprauta í gegnum og hreinsa af lífrænum leifum.
- Í lokin skal undirhlið pallsins, sjálfur undirvagninn, skjólbretti og dekkjabúnaður þrifinn eins og kostur er.
- Ef um tengivagn er að ræða skal sami háttur hafður á.

3. Sótthreinsun bíls og útbúnaðar

- Eftir almenn þrif skal sótthreinsa flutningskör, fylgihluti og bíl á sama hátt og lýst er hér að framan.
- Áhöld, s.s. háfar og kústar, ásamt stígvélum og gúmmihönskum skal einnig sótthreinsa á milli flutninga með því að dýfa í sótthreinsilög og ekki skola fyrir en eftir lágmark 30 mínútur.
- Bílstjóri skal á milli hvers flutnings milli óskyldra aðila skipta um hlífðarfatnað og skal slíkur fatnaður þvegin á minnst 60°C í þvottavél.

4. Viðurkennd sótthreinsiefni

- I. Virkon-S (1% lausn).
 - II. Klór / hreinn klór (15%) í 2 ppm lausn, Lytol í 2% lausn og Kloramin í 0,2% lausn).
 - III. Kvartól (2% lausn).
 - IV. Joðófór (100-200 mg/l).
 - V. Formalín (2% formaldehyð).
 - VI. Halamid (2% lausn).
- Sótthreinsivökvanum skal úðað gaumgæfilega með háþrýstítæki yfir alla fleti, jafnt innan sem utan.
 - Sótthreinsiefnið skal fá að virka í minnst 30 mínútur áður en því er skolað burt.

5. Þrif og sótthreinsun á brunnbáti

- Þrif og sótthreinsun á brunnbáti fylgja í grundvallaratriðum sömu lögmálum og lýst er hér að ofan.
- Ef slíkir bátar koma erlendis frá skal kalla eftir þrifaskýrslum viðkomandi báts og eftirlitsskýrslum rekstraraðila ef þörf er talin á.
- Þau sótthreinsiefni sem viðurkennd eru til notkunar í brunnbátum eru eftirfarandi:
 - I. Virkon-S (1% lausn í minnst 20 mín.).
 - II. Halamid (2% lausn í minnst 10 mín.).
 - III. Ozon (min. 5 mg/l/mín., Redox min. 600 Mv í minnst 2 klst.).

NB! Það skal skýrt tekið fram að sýna ber ýtrustu smitgát við flutning á villtum fiskum með óþekktan uppruna. Slíkir flutningar eiga alls ekki samleið með flutningi á eldisfiski.